

## Samþykki vegna myndatöku skóla og frístundastarfs og birtingu myndefnis.

Í því skyni að geta tekið ljósmyndir og myndbönd af nemendum á skólatíma og birta myndefnið með neðangreindum hætti leitast [*grunnskóli, frístund og félagsmiðstöð*] eftir samþykki forráðamanna fyrir slíkri vinnslu á persónuupplýsingum barna þeirra. Tilgangurinn með myndatöku skólans og birtingu myndefnis er að miðla daglegu starfi stofnunarinnar. Allt myndefni er vistað í ljósmyndabanka grunnskólans, jafnvel birt á vefsíðu skólans, á samfélagsmiðlum skólans, frístundar, félagsmiðstöðvar og á öðrum opinberum vettvangi og á vegum skólans. Ljósmyndir eru ýmist notaðar í fréttabréfum, í skólanámskrá, í skýrslum um skólastarfið og til að upplýsa forráðamenn um skólastarfið. Bekkjarmyndir eru gefnar út með nafngreiningu allra nemenda og tilgreiningu á bekk hverju sinni. Ég hef verið upplýst/-ur um að forráðamönnum standi til boða að kaupa eintak af bekkjarmyndum barna sinna.

Undirritaður forráðamaður tekur afstöðu til þess hvort grunnskólanum sé heimilt að taka ljósmyndir og/eða myndbönd af barni hans í tengslum við dagleg störf skólans og/eða birta, sbr. neðangreint:

Samþykkir þú allt ofangreint	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Samþykkir þú að starfsfólk grunnskólans, frístundar, félagsmiðstöðvar taki ljósmyndir af barni þínu í daglegu starfi skólans?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Samþykkir þú að starfsfólk grunnskólans, frístundar, félagsmiðstöðvar taki myndbönd af barni þínu í daglegu starfi skólans?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Má birta myndefnið á vefsíðu skólans og félagsmiðstöðvar?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Má birta myndefnið í fréttabréfum skólans, frístundar og félagsmiðstöðvar?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Má birta myndefnið í skólanámskrá skólans?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Má birta myndefnið á samfélagsmiðlum* skólans og félagsmiðstöðvar? (ef já þá...)	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Má birta myndefnið í rafræna upplýsingakerfinu Mentor?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Má nota myndefnið til að upplýsa forráðamenn um skólastarf, frístundar og félagsmiðstöðvar?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Samþykkir þú að starfsfólk grunnskólans, eða aðili á hans vegum taki bekkjarmyndir af barni þínu sem gefnar verða út með nafngreiningu hvers og eins nemanda?	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

[*Grunnskóli*] sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar mun fylgja gildandi lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð myndefnisins. Athygli er vakin á því að heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er og skal það gert skriflega. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. áðurnefndra laga. Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar annað, til að mynda til annarrar stofnunar/fyrirtækis eða annarra landa, án leyfis forráðamanna og eru þau varðveitt sem trúnaðarmál.

Framangreint samþykki um myndatöku grunnskóla og birtingu myndefnis er í samræmi við áður nefnd ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

\*Samfélagsmiðlar teljast þeir miðlar sem skólinn nýtir fyrir miðlun á starfsemi skólans s.s. Facebook, Twitter, Instagram, Snapchat ofl. Þetta getur verið misjafnt eftir skólum, frístund eða félagsmiðstöð.

---

Staður og dagsetning

---

Nafn og kennitala barns

---

Undirskrift forráðamanns barns